



GREINARGERÐ VEGNA ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR ÁLVER ALCOA FJARÐAÁLS SF.

Alcoa Fjarðaáli sf. hefur verið veitt starfsleyfi fyrir álframleiðslu í kerskálum álversins að Hrauni 1 í Reyðarfirði og er heimilt að framleiða allt að 360.000 tonn af áli á ári í kerskálum álversins, auk reksturs tilheyrandi málmsteypu, ker- og skautsmiðju, geymslusvæða tímabundið fyrir eigin framleiðsluúrgang og þjónustu fyrir eigin starfsemi. Umsóknin er upphaflega til komin vegna þess að framleiðsla eykst umfram áætlanir hjá rekstraraðila með straumhækkun og hagræðingu án þess að nein ný mannvirki verði reist vegna þess.

Umhverfisstofnun auglýsti opinberlega tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 19. ágúst til 14. október 2010. Tillagan var send til umsagnar hjá Vinnueftirlitinu, Skipulagsstofnun, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Fjarðabyggð, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, auk Alcoa Fjarðaáls sf. Þá lá tillagan frammi á ofangreindum tíma á skrifstofu Fjarðabyggðar ásamt umsóknargögnum.

Umhverfisstofnun hélt 8. september s.l. opinn kynningarfund um málið í safnaðarheimilinu á Reyðarfirði þar sem rakið var hver tilgangur starfsleyfa Umhverfisstofnunar er, hvaða regluverk er um þau og helstu atriði sem vörðuðu tillöguna.

Umsagnir og fyrirspurnir bárust frá fimm aðilum á athugasemdatíma og eru þær raktar hér ásamt viðbrögðum Umhverfisstofnunar.

- Skipulagsstofnun telur tillöguna endurspegla forsendur á fyrri stigum (fyrirspurn um matsskyldu) og gerði ekki athugasemdir.
- Náttúruverndarsamtök Íslands gera athugasemdir við aðdraganda málsins, sérstaklega undanþágu umhverfisaráðuneytisins vegna aukinnar framleiðslu árið 2009. Samtökin telja að Umhverfisstofnun sé með afgreiðslu umsóknarinnar að bregðast við gerðum hlut.
 - Stofnunin telur rekstraraðila hafa gætt þess vel að afla sér tilhlýðilegra heimilda fyrirfram.
 - Að mati Umhverfisstofnunar eru engin atvik í forsögu málsins sem stangast á við eðlilega stjórnsýslu.
- Á fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands (HAUST) 17. september s.l. var bókað að ekki væru gerðar athugasemdir efnislegar breytingar vegna losunar brennisteinssambanda. Nefndin taldi að skerpa þyrfti á orðalagi til að skýra verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og HAUST. Ekki mætti vera tvöfalt eftirlit með neinum þætti og ekki ættu neinir þættir heldur að falla á milli aðila. Fundurinn fól framkvæmdastjóra að ganga frá umsögn um starfsleyfistillöguna í samráði við formann og varaformann.

Umsögn HAUST, dagsett 20. september s.l., fól í sér nokkrar ábendingar og athugasemdir: Lagt var til að gerð yrði grein fyrir því að álverið væri staðsett á lóð nr. 1 á iðnaðarsvæðinu að Hrauni, enda skiptist svæðið í allmargar lóðir. Í öðru lagi var í umsögninni lagt til að skýrt yrði tekið fram í starfsleyfinu að það næði ekki um starfsleyfi sem HAUST gefur út og telur mikilvægt að merking orðalagsins „... aðra mengandi starfsemi” verði ekki misskilin. Í þriðja lagi beinir HAUST því til aðila að ekki verði horfið frá þeirri stefnu að nota skuli skaut með lágu innihaldi af brennisteini. Í fjórða lagi heldur HAUST fram því sjónarmiði að ekki eigi að fjalla í starfsleyfi Umhverfisstofnunar um hreinsun skólps og meðhöndlun seyru og bendir á að fyrirtæki á staðnum, með starfsleyfi hjá HAUST, starfrækir skólphreinsivirki sem staðsett er neðan álversins og austan hafnarinnar. Við það sé kerfi rekstraraðila tengt. Því telur HAUST að þrengja eigi texta greinar 2.13 og leggur fram tillögu þar um.

- Umhverfisstofnun fellst á að betur fari á því að vísa til þess að álverið standi á lóð nr. 1.
- Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að eftirlit sé skýrt afmarkað milli eftirlitsaðila. Slíkt er gert í lögum og reglugerðum en vafaatriði leyst í samstarfi eftirlitsaðila, svo sem HAUST og Umhverfisstofnunar. Lög og reglugerðir fjalla jafnframt um hvernig fara skuli með mögulegan ágreining þar um. Ekki er hins vegar ástæða til þess að mati stofnunarinnar að taka það sérstaklega fram í starfsleyfinu að það nái ekki yfir starfsleyfisútgáfu HAUST.
- Umhverfisstofnun tekur undir sjónarmið um að nota skuli skaut með lágu brennisteinsinnihaldi.
- Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili er ábyrgur gagnvart Umhverfisstofnun í skólp- og seyrumálum. Aðili sem tekur að sér verkþátt á borð við skólp- og seyrumál, er ábyrgur gagnvart verkkaupa og jafnframt sínum starfsleyfisveitanda. Þótt rekstraraðili kjósi á einhverjum forsendum að útvista einhverjum slíkum verkþáttum til einkaaðila eða opinberra aðila, leysir það hann ekki undan endanlegri ábyrgð á framkvæmd skilyrða starfsleyfisins, hvað þá að eingöngu þess vegna sé slegið af almennum skilyrðum í leyfisveitingunni.
- Fjarðabyggð gerði grein fyrir samskiptum sínum við rekstraraðila, en sveitarfélagið beindi spurningum til hans varðandi losun brennisteinssambanda. Í því sambandi fór fram umræða milli aðila um málið og lögðu að lokum báðir aðilar til að sett yrðu aðskilin mörk fyrir brennisteinsdíoxíð úr súráli og brennisteinsdíoxíð úr forskautum. Jafnframt er lagt til að þess sé getið (í starfsleyfi?) að losunarmörk vegna súrals séu nýjar kröfur.
 - Umhverfisstofnun fellst á tillöguna og hefur breytt losunarmörkum brennisteinssambanda og brennisteinsdíoxíðs í samræmi við hana.



- Ekki hefur verið talin ástæða til þessa að geta þess sérstaklega í starfsleyfi þegar settar eru fram nýjar kröfur af hálfu stofnunarinnar enda eru það ekki mikil tíðindi. Þetta hefur hins vegar komið fram í fréttum stofnunarinnar á heimasíðu hennar.
- Alcoa Fjarðaál sf., sem umsækjandi að starfsleyfi, óskaði eftir því að Umhverfisstofnun skoðaði hvort rétt væri að setja inn í starfsleyfið ákvæði um jarðgerð og moltugerð en áhugi er á að nýta lífrænan úrgang til jarðgerðar innan lóðar og nota moltuna sem myndast til uppgræðslu á verksmiðjulóðinni, m.a. við settjarnir. Þá lagði fyrirtækið fram útfærslu um hvernig tilgreina ætti aðskilin mörk fyrir brennisteinsdíoxíð úr súráli og brennisteinsdíoxíð úr forskautum, sbr. athugasemdir Fjarðabyggðar.
 - Umhverfisstofnun hefur í frekara samráði við umsækjanda, komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt sé að jarðgerð og moltugerð falli utan við veitingu starfsleyfisins.
 - Fallist er á útfærslu umsækjanda á breyttum mörkum fyrir brennisteinsdíoxíð úr súráli og brennisteinsdíoxíð úr forskautum, enda álitur Umhverfisstofnun að kröfur séu með þessari breytingu lítillega hertar.

